

Umsögn ungmennaráðs Reykjanesbæjar við frumvarpi til laga um stjórnskipunarlög (kosningaldur) 188. mál

Við í ungmennaráði Reykjanesbæjar komumst að þeirri niðurstöðu eftir að við höfðum rætt málin að þetta væri ekki gáfuleg ákvörðun. Bæði yrði mjög líklega mikið af atkvæðum sem myndu renna til flokksins sem foreldrar eða forráðamaður einstaklingsins kjósa eða yrðu kosningar gerðar að ákveðnu atlægi hjá ungmennum. Auðvitað yrðu ákveðnir hópar einstaklinga sem myndu taka þessum kosningum alvarlega og kjósa af viti en við teljum að meirihlutinn myndi ekki kjósa eftir sínum eigin skoðunum.

Við teljum að ungmenni gætu ekki fengið að njóta barn æskunnar eins lengi og önnur börn sem eru ósjálfráða.

Við myndum vilja breyta frumvarpinu á þann hátt að í staðinn fyrir að þú þurfir að vera orðinn 18 þegar þú kýst þá mega allir kjósa um leið og þeir eru komnir á 18 aldursár.

jafnvel þótt að við myndum ekki vilja veita ungmennum á 16 aldursári kosningarétt þá myndum við vilja að ungmenni fái fleiri tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri sem yrðu þó ekki skylda heldur val fyrir ungmenni sem vilja koma sínum skoðunum á framfæri.

Fyrir hönd Ungmennaráðs Reykjanesbæjar

Betsý Ásta Stefánsdóttir

Formaður